

Brúða Mameligu

Ég var bara stelpa og þegar *kris*, rétturinn, kom saman mátti ég ekki segja orð nema ég væri spurð og ef ég var vitni, sakborningur eða þolandi í málinu. Ef ég vildi taka til máls, varð ég fyrst að ávarpa einn af körlunum í mínum ættflokki, pabba minn, bróður eða eiginmann. Annars hefði verið litið á mig sem illa uppallinn kvenmann og enginn hefði hlustað á mig.

Á líkvökunum réðuð þið karlmennirnir líka öllu. Við konurnar höfðum ekkert að segja og þurftum að láta okkur nægja að hlusta á ykkur, færa ykkur te eða áfengi, nú eða halda á ykkur hita. Ætli við höfum bara ekki verið aldar upp á þennan hátt og okkur datt ekki einu sinni í hug að kvarta. Við höfðum sætt okkur við hlutskipti okkar sem konur, það er að segja sem dóttir, systir, eiginkona eða móðir.

Það sem þið karlarnir vitið ekki er að við konurnar töluðum saman um okkar mál. Og stundum, ef ekki varð hjá því komist, sögðum við vinum okkar frá því sem máli skipti.

Nú er allt breytt. Vissulega erum við enn undir ykkur karlana settar en við megum tala hátt og snjallt án þess að þið getið þaggað niður í okkur. Þið getið hlustað á okkur ef þið viljið eða látið það ógert!

En í kvöld ætla ég, sem er orðin amma, nei, hvað er ég að rugla, langamma, að segja ykkur sögu sem flestar Rómakonur á mínum aldri kunna. Þið karlarnir segið hana stundum líka þegar ég er ekki hér en þið segið hana ekki eins og á að gera. Þess vegna ætla ég að grípa þetta tækifæri nú á kvöldvökunni og segja ykkur söguna í síðasta sinn. Þannig mun hún festast í minni ykkar svo þið getið sagt afkomendum ykkar hana.

Það eru ekki margir ykkar sem kunnið að lesa og skrifa og engin okkar kvennanna hefur lært það. Ef ég hefði kunnað að skrifa hefði ég sett þessa sögu á blað en ég get það ekki. Það er nú leitt!

Semsagt, ég hlýt að hafa verið um það bil fimmtán ára gömul. Ég var enn bara stelpukraki en samt var pabbi minn farinn að leggja á ráðin um að gifta mig. Af því að við vorum svo fátæk og nokkrir gullpeningar hefðu dugað til að bæta hag fjölskyldunnar. Ég átti tvo eldri bræður og ég veit ekki hversu mörg yngri systkini og við krakkarnir þurftum hlý föt. Ég átti bara einn kjól og fram að þessu hafði ég alltaf gengið berfætt. Við bjuggum í Asíuhluta Rússlands og þar voru margir jafn fátækir og við.

Við vorum stödd í stórum bæ. Það var markaðsdagur. Við höfðum slegið upp búðum fyrir utan bæinn og aldrei þessu vant hafði faðir minn beðið mömmu að taka mig með á markaðinn. Hann vildi að ég hjálpaði henni við innkaupin. Og svo má heldur ekki gleyma að ég var komin á giftingaraldur! Þannig að kannski myndi eitthvað gerast á markaðnum ...?

Dagurinn var langur, en af og til fékk ég að leika lausum hala. Þegar Mamo þurfti ekki á hjálp minni að halda skrapp ég frá í nokkrar mínútur, samt ekki of langt, til þess að horfa á alla þessa fallegu hluti sem ég hafði engin efni á að kaupa. Foreldrar mínir höfðu sagt mér að stela engu. Þess vegna gerði ég það ekki því ég var hræddari við pabba en við lögregluna.

Fólkið á markaðnum skiptist í tvo hópa; ég áttaði mig á því síðar. Annars vegar voru það Evrópubúar, hins vegar Asíubúar. Ég hafði bara áhuga á þeim síðarnefndu. En hvað stelpurnar á mínum aldri voru fallegar! Í þessum fagurlituðu klæðum, með hlýja klúta á höfðinu og í glæsilegum ilskóm. Og fullt af gulli um hálsinn, handleggi og ökkla og einstaklega fallega eyrnalökka. Ef einhver þessara stelpna lét svo lítið að horfa til mín þá skein fyrirliðning úr augum hennar. Ég sagði við sjálfa mig að svona ríkt fólk gæti ekki verið til. Og þegar þær sáu mig hugsuðu þær að svona fátækt fólk gæti ekki verið til. Það var greinilegt að við vissum lítið hver um aðra.

Þegar ég var búin að svala forvitni minni um þessar konur langaði mig að sjá karla sem ég hafði ekki hitt áður. Þeir voru ekki margir. Konurnar og stelpurnar töluðu við mig. Þær spurðu hvernig fjölskylda mín hefði það. Ein þeirra spurði meira að segja:

–En hvernig stendur á því að þú ert enn ógift? Mín *terka* [stúlka] sem er jafngömul þér, er gift.

Það eina sem ég gerði var að yppa öxlum. Það væri nær að spyrja pabba minn en mig.

Giftast? Hvaða unga stúlka hugsar ekki um að giftast? Það gat verið lausn við mínum vandamálum, leið til að geta klæðst eins og aðrar stúlkur og eiga kannski nokkra skartgrip? Af hverju ekki? Hver okkar hefur ekki látið sig dreyma um þann sem *Gayziés* [hinir] kalla „draumaprinsinn“?

Af og til, eftir að hafa gengið um dálitla stund á markaðinum, fór ég aftur þangað sem pabbi var með vörurnar sínar. Hann var með til sýnis koparáhöld sem hann hafði sjálfur búið til. Hann leit út fyrir að vera ánægður. Eflaust hafði salan gengið vel. Við borðuðum saman í hádeginu. Foreldrar mínir hlógu eins og þau væru nýgift. Líklega var þetta sjálf ástin.

Ég hafði oft gengið fram hjá búið þar sem hægt var að kaupa alls konar leikföng. Ég þorði ekki einu sinni að stoppa til að horfa af því að ég vissi að ekkert af þessu var fyrir mig. Ég hafði aldrei átt leikföng. Bræður mínir og systur ekki heldur. Við vorum svo fátæk að faðir minn gat ekki leyft sér að eyða einu kópeki í slíkan óþarfa. En mikið langaði mig að eignast fallega brúðu! Þó ekki væri nema einu sinni! Auðvitað kom það fyrir að við systurnar bjuggum til dúkkur úr gömlum tuskum.

–Hvaða brúða finnst þér fallegust?

Það stóð einhver fyrir aftan mig og ávarpaði meðan ég horfði á leikföngin. Og á rómísku. Ég sneri mér við og sá þá ungan mann sem brosti til mín. Hann var svo myndarlegur! Mér varð strax ljóst að hann var „draumaprinsinn minn“. Hann var á bilinu átján til tuttugu ára, var í fallegum fötum, með hatt á höfðinu og klút um hálsinn sem haldið var saman með gullnælu. Hann var með marga hringi á fingrunum, og þeir voru allir úr gulli. Hann var höfðinu hærri en ég.

Hann virtist bíða eftir því að ég svaraði honum en ég var svo undrandi að ég kom ekki upp einu orði. Hann sagði aftur:

–Ég spurði þig hvaða brúða þér þætti fallegust?

Ég beitti mig hörðu og svaraði:

–Þær eru allar fallegar.

–Eflaust, en ekki eins fallegar og þú.

Ég leit undan, í uppnámi, því enginn hafði slegið mér slíka gullhamra fyrr. Svo virti ég betur fyrir mér þennan mann sem hafði ávarpað mig. Hann var mjög myndarlegur, með mjótt yfirvaraskegg. Hann var dálítið föstur í framan, líklega vegna kuldans.

Án þess að biðja mig um leyfi og án þess að prúttu, keypti hann fallega brúðu og rétti mér hana:

–Þetta er gjöf frá mér!

–Af hverju? spurði ég.

–Til þess að þakka þér fyrir að vera svona falleg. Hvað heitirðu?

–Mameliga!

Þetta var bara gælunafn en ég er enn kölluð Mameliga.

–Og hvað heitir þú? spurði ég svo.

–Igruska!

Seinna komst ég að því að það var líka gælunafn.

–Igruska, ég get ekki tekið við gjöfinni frá þér því að foreldrar mínir – og þá sérstaklega faðir minn – munu spyrja mig hver hafi gefið mér brúðuna! Og hvers vegna.

–Þiggðu hana samt. Við sjáum hvað setur. Hvar eru vagnarnir ykkar og tjöldin?

–Parna, svaraði ég og benti í áttina að tjaldbúðunum.

–Ég ætla að biðja föður minn að slá upp tjöldum nálægt ykkur í kvöld.

Hann rétti mér brúðuna og flýtti sér burt.

Ég vissi ekki hvað var til ráða. Ekki gat ég farið aftur með brúðuna til sölukonunnar. Ég gat heldur ekki falið hana. Því hljóp ég til mömmu og sagði henni allt af léttu. Þegar pabbi sá að við vorum að tala saman, kom hann og vildi vita meira. Hann hlustaði á mig og spurði svo.

–Þessi brúða hefur kostað að minnsta kosti tíu rúblur; maðurinn er því annaðhvort vel efnaður eða brjáláður. Þú segir að hann heitir Igruska. En sagði hann þér hvað faðir hans hét, eða ættflokkurinn?

–Nei, hvorugt.

–Kona góð, sagði faðir minn við móður mína, geymdu brúðuna og láttu engan sjá hana. Við sjáum hvað gerist í kvöld.

Frá því andartaki vakti ég yfir dýrmætu brúðunni minni og beið þess í ofvæni að fjölskylda Igruska léti sjá sig. Foreldrar mínir hljóta að hafa velt því fyrir sér hvort ég væri enn lítil stelpa sem lætur

heillast af gjöf, eða ung kona sem þráir barn. Hvað systur mínum viðkom þá dauðöfunduðu þær mig allar. Í þeirra augum var þessi brúða líka það fallegasta sem hægt var að hugsa sér.

Ég kunni hvorki að lesa né skrifa, enn síður að telja. Ég kann það reyndar ekki enn. En mér fannst tíminn líða hægt. Af og til leit ég út fyrir tjaldið eða sendi eina af systur mínum til að gá hvort nýtt fólk væri á ferðinni.

Loksins sá ég þrjá vagna sem nálgudust, hver á eftir öðrum. „Þarna koma þau!“ hrópaði ég upp yfir mig. Ég var alveg viss. En ég þorði ekki að stinga nefinu út af ótta við að einhver sæi mig. Hjartað bardist um í brjósti mér. Ég þrýsti brúðunni að mér eins fast og ég gat því ég var dauðhrædd um að hún yrði tekin af mér.

Ég lagði við hlustir til að vita hvað fór fram fyrir utan tjaldið en systur mínar höfðu svo hátt að ég heyrði ekki neitt. Þessar mínútur voru óendanlega langar! Síðan heyrði ég rödd móður minnar:

–Mameliga, komdu og hjálpaðu mér!

En hvernig gat ég farið án brúðunnar? Hver átti að gæta hennar á meðan ég væri í burtu? Á endanum neyddist ég til skilja hana eftir á rúminu og ég hótaði systur mínum:

–Ég banna ykkur að snerta hana, annars sting ég úr ykkur augun!

Ég gat ekki óhlýðnast mömmu, þá hefði pabbi komið að sækja mig eða einn bræðra minna og þeir hefðu dregið mig út. Þess vegna hljóp ég til mömmu og spurði:

–Hvað, Mamo?

–Hitaðu te handa föður þínum og gestunum.

Ég horfði í flýti á viðstadda. Ég sá marga karla sem voru ógnvekjandi. Þeir voru glæsilegir til fara: fötin þeirra voru dýr og vönduð og hnapparnir úr silfri. En þeir vöktu með mér ótta.

Ég fékk á tilfinninguna að þeir vissu hver ég væri vegna þess að þeir mældu mig út og það gerði mig hrædda. Svona leið mér að minnsta kosti.

Í samanburði við mömmu mína voru konurnar þeirra eins og prinsessur. Það var bara hægt að sjá svona konur í draumi. Þær horfðu líka á mig, en þær brostu. Ein þeirra var ung stúlka eins og ég og var því ekki með klút á höfðinu; hún kom til mín og sagði:

–Á ég að hjálpa þér?

Ég horfði á hana í smástund. Hún stóð þarna og brosti út að eyrum, með hendur fyrir aftan bak. Svo bætti hún við:

–Ég er systir Igruska.

Hún vissi semsagt allt.

–Þú gætir lagt á borðið. Mamo lætur þig fá servéttur.

Hún hófst handa. Hún var semsagt systir Igruska, en hann sá ég hvergi. Þarna voru samt allmargir ungir ógiftir menn. Þetta var bara forleikurinn. Ég þjónaði til borðs með mömmu og systur Igruska, eins og ég gerði reyndar alltaf þegar faðir minn fékk gesti. Um kvöldið var brugðið út af venjunni: Gestirnir, eða öllu heldur konur þeirra, settu lág borð og gullfallegar mottur fyrir framan tjaldið og báru fram alls konar mat; það var nægt fuglakjöt handa öllum og alls kyns drykkir.

Aldrei þessu vant það mamma mig ekki um að hjálpa til. Það kom mér á óvart en ég þorði ekki að spyrja hvers vegna. Ein af systur mínum, sem var ári yngri en ég, var á þönum fram og til baka og hún sagði mér frá öllu sem gerðist. Mér var auðvitað alveg ljóst að tilefnið væri mikilvægt því að þetta var ekki í fyrsta sinn sem slíkt gerðist. Skyndilega kom systir mín og sagði við mig:

–Veistu hvað, það var verið að biðja um hönd þína!

Ég leit niður og táraðist en ég vissi ekki hvort það var af gleði eða skömm.

–Hefurðu séð mannsefnið þitt? spurði systir mín.

Mannsefni? Mér fannst hún fara aðeins of geyst. Það var bara búið að biðja um hönd mína og það var ómögulegt að vita hvort faðir minn yrði því samþykkur.

–Hann er svo myndarlegur!

Systir mín var enn meiri krakki en ég.

–Þú segir ekki neitt! Viltu samt ekki giftast?

–Ég geri það sem pabbi ákveður!

Ég hafði heyrt þessa setningu í hvert sinn sem ein af vinkonum mínum hafði fallist á að ganga í hjónaband. Ég gat ekki getið mér til um ásetning foreldra minna þaðan sem ég horfði á þau. Bræður mínir hlutu að vera kátir vegna þess að þeir gætu nú sjálfir kvænst fyrir peningana sem pabbi bæði föður Igruska um. Litlu systur mínar voru ennþá of ungar til að skilja hvernig mér leið. Dúkkan

mín var það eina sem ég gat huggað mig við og ég þrýsti henni að mér.

Þegar mamma kom inn í tjaldið voru konur úr fjölskyldu Igruska með henni. Þær héldu á klæðnaði. Þær brostu og nokkrar þeirra sungu.

–Mameliga, faðir þinn féllst á að gifta þig.

–Mamo!

Ég hrópaði upp yfir mig og kastaði mér í fangið á mömmu, eins og smástelpa, og svo fór ég að hágráta.

–Vertu róleg, vinan, þú ferð nú ekki strax. Í kvöld höldum við upp á trúlofunina en brúðkaupið verður ekki fyrr en eftir ár. Leyfðu móður Igruska og systurum að klæða þig!

Konurnar umkringdu mig; þær tóku mig úr lörfunum og klæddu mig í ný föt. Ég stóð hreyfingarlaus og var ekki með sjálfri mér. Ég skildi ekki neitt í neinu. Hvað var eiginlega að gerast? Um morguninn hafði ég bara verið áhyggjulaus stelpa en nú var ég orðin kona, eða næstum því.

Þessar konur kunnu vel til verka. Þegar þær höfðu klætt mig, náðu þær í trébala og sungu á meðan þær þvoðu mér og greiddu. Að lokum létu þær á mig eyrnalokka og settu á mig hringa. Ég var orðin ein af þeim. Nú var það ég sem var brúða.

Móðir Igruska krækti perlufesti um hálsinn á mér, auðvitað ekki úr alvöru perlum. Ég horfði ósjálfrátt á dúkkuna mína sem lá á rúminu og öllum til furðu tók ég hana og vafði perlufestinni sem var nýbúið að setja á mig marga hringi í kringum hálsinn á henni. Allar konurnar skellihlógu, líka Mamo. Í þeirra augum var ég enn barn, en mér fannst ég vera fullorðin. Á þennan hátt vildi ég heiðra brúðuna mína, brúðuna sem hafði gert mér kleift að hitta „draumaprinsinn“.

Það var komið með spegil svo að ég gæti séð sjálfa mig og í skímunni af lampa sá ég konu sem var ekki lengur ég, þetta var önnur Mameliga.

Nú sungu konurnar fullum rómi. Þær leiddu mig út úr tjaldinu til að sýna körlunum mig. Ég fór hjá mér og þorði ekki að horfa á þá.

–Líttu upp! skipaði Mamo mér.

Ég varð að hlýða, horfði bara á pabba og sá að hann var líka með tárin í augunum.

–Taté! sagði ég bara.

Hann svaraði mér ekki en sagði við hina, skjálfandi röddu:

–Ef ég hefði vitað að Mameliga væri svona falleg hefði ég beðið um helmingi fleiri gullpeninga.

Allir voru glaðir. Faðir Igruska stóð upp og kom og kyssti mig á ennið. Á borðinu stóð *plotchka* (trúlofunarflaska skreytt festi með gullpeningum); hann tók festina og peningana sem héngu á henni og setti um hálsinn á mér.

–Þetta er mín *bori* (tengdadóttir)! Ég vil að allir viti það!

Annar karlmaður spurði mig hvort ég kynni að dansa.

–Hún hefur ekki gert neitt annað síðan hún fæddist! svaraði mamma.

Nokkrir ungir menn náðu í hljóðfærin sín og fóru að spila lag sem allir þekktu. Ég vaggaði höfðinu. Konurnar klöppuðu saman höndunum og hvöttu mig áfram. Tónlistin hreif mig, ég dansaði hraðar og hraðar og stóð á sama um hvað aðrir myndu segja. Það eina sem komst að í huga mér var að ég hafði fundið draumaprinsinn minn, en hvar var hann?

Næsta morgun tók mamma fallegu fötin og skartgripina sem mér höfðu verið gefnir við trúlofunina. Hún klæddi mig í önnur fót, sem er vissulega rétt að hentuðu betur, og ilskó. Mér var leyft að hafa um hálsinn festina með gullpeningunum sem var til merkis um að ég væri unnusta Igruska og að aðrir karlar mættu ekki biðja um hönd mína.

Ég reyndi að láta lífið ganga sinn vanagang en það var ekki auðvelt. Aðrar stúlkur á giftingaraldri voru stöðugt í kringum mig, bæði úr mínum ættflokki og öðrum. Systur Igruska og frænkur slógu mér gullhamra án afláts. Þær vissu ekki hvernig þær gátu hjálpað mér. Ég var í skjýjunum.

Okkar siðir leyfa ekki ungum ógiftum mönnum og stúlkum að tala saman nema þau séu heitbundin en þó ekki hvenær sem er.

Ég hélt áfram að hjálpa pabba á markaðnum. Ég hélt líka áfram að ráfa um, en nú fékk ég aldrei að vera ein. Ein af systurum Igruska fylgdi mér hvert sem ég fór. Ég held að hún hafi verið að gæta mín. Ég gekk oft fram hjá leikfangabúðinni þar sem örlög mín höfðu ráðist.

Um kvöldið, eins og öll kvöld, hittumst við unga fólkið og sungum og dönsuðum í einu tjaldanna. Það voru margir í kringum mig og alltaf verið að óska mér til hamingju. Igruska var þarna líka. Ég reyndi að forðast að horfa í augun á honum en gat það ekki. Þarna var lífsförunautur minn, sá sem ég myndi eyða ævinni með, og ég blygðaðist mín svo mikið að ég gat ekki talað við hann, sérstaklega þegar bræður mínir tveir voru viðstaddir. Sá eldri þeirra kom til mín og sagði:

–Litla systir, við ætlum að leyfa ykkur að vera ein saman í smá-stund. Við segjum foreldrunum ekki frá því, en vertu þrúð!

Ég gat ekki trúað því að bróðir minn, sem hafði alltaf verið strangur við mig, gæti verið svona góður. Hann lét sig hverfa, með öllum hinum, og fór í annað tjald. Loksins vorum við ein!

Igruska gekk til mín. Ég titraði og skalf. Hann tók um hendurnar á mér og hélt þeim í sundur til að geta virt mig betur fyrir sér:

–Þú ert enn fallelgri en þegar ég sá þig fyrst!

Ég þorði ekki að opna munninn. Hann bætti því við:

–Segðu mér hvað þig vantar. Ég bið mömmu um að láta þig fá það.

–Mig vantar ekki neitt; ég hef aldrei átt svona mikið.

–Þig mun ekki skorta neitt. Ég mun vaka yfir þér, jafnvel úr fjarska. En það er eitt sem ég vil að þú segir mér: Ertu allveg sáttt við að verða konan mín?

–Þú veist það, svaraði ég.

–Já, en mig langar að heyra þig segja það.

Við hlustuðum á sönginn og köllin í þeim sem höfðu fært sig yfir í annað tjald til að trufla ekki okkar fyrsta fund.

–Ég virði föður þinn og honum finnst þú vera of ung til að giftast. Hann bað um eins árs frest. En eitt ár er langur tími. Hvað finnst þér?

–Ég mun alltaf hlýða föður mínum. Ekki búast við því að ég brjóti gegn vilja hans.

–Faðir minn borgaði með gullpeningum upphæðina sem faðir þinn setti upp. Þú tilheyrir mér núna. En ég vil síst af öllu valda þér sársauka. Ég veit ekki hvenær, en áður en eitt ár er liðið kem ég að ná í þig. Vertu tilbúin. Ég verð sektaður af *kris* en ég mun borga. Ekki gleyma þessu, ég kem!

Og áður en ég gat svarað flýtti hann sér út úr tjaldinu. Ég vissi ekki hvort hinir hefðu heyrt samtali okkar. Igruska hafði ekki beðið eftir að ég svaraði. Ég var svo ung, það er rétt, en ég vildi alls ekki sverta nafn föður míns með því að hlaupast á brott. Hvað átti ég að gera? Ég held að ef Igruska hefði beðið mig um að fara með honum þarna um kvöldið þá hefði ég gert það, í trássi við siði og venjur. Ég var föst í gildru. Igruska ætlaði að koma og ná í mig. Ég vissi hvorki hvenær né hvernig. En ég endurtók í sífellu:

–Ég verð að vera tilbúin!

Næsta dag – ég man að það var mánudagur – var síðasti markaðs-dagurinn. Við áttum öll að fara. Lögreglan hafði umborið okkur Rómafólkið alla vikuna en okkur hafði verið sagt að við ættum að hypja okkur strax næsta dag. Og eins fljótt og hægt var, jafnvel þótt enginn hefði kært okkur. Sumir vagnarnir höfðu lagt af stað sam-dægurs.

Ættflokkur Igruska var með okkur og þess vegna varð kvöldið líflegra. Það var sungið og dansað til skiptis. Ég var oft beðin um að dansa og ég neitaði því ekki. Því hefði ég átt að gera það? Var ég ekki sú sem allir horfðu á? Ég er sannfærð um að margir ungir menn í mínum ættflokki sáu eftir því að fedur þeirra hefðu ekki verið fyrri til að biðja um hönd mína, því að nú var ég ekki lengur „öskubuska“ heldur prinsessa sem allir hefðu viljað eiga. En nú tilheyrði ég þeim sem hafði valið mig og borgað fyrir mig. Var hann ekki líka myndar-legri en allir hinir?

Fjölskyldur okkar héldu hópinn í eina viku. Á hverju kvöldi slógum við upp veislu. Ég fann að bræður mínir og systur fylgdust með mér, eflaust að fyrirmælum föður míns. Ég fékk því ekki annað tækifæri til að tala við Igruska. Hann virti reglur okkar og reyndi ekki að hitta mig. Auðvitað kom fyrir að augnaráð okkar mættust, yfirfull af ást. Okkur langað svo mikið að vera saman! Í raun vorum við það nú þegar, í huganum.

Svo rann kveðjustundin upp. Fjölskyldur okkar myndu halda hvor í sína átt. Pabbi ákvað að við myndum hittast aftur í bæ sem hann þekkti. Eftir þrjá mánuði ...

Ég átti að biða í ársfjórðung. Fylgja í huganum í þrjá mánuði manninum sem ég átti að giftast. Ég vildi ekki sjá hann fara. Ég var svo sorgmædd og ég vildi ekki að neinn sæi það. Það sæmir ekki

Rómastúlku að vera í ástarsorg og sýna það. Þar sem brottförin var snemma dags ákvað ég að vera kyrr í rúminu og þykjast sofa, með brúðuna mína með glerperlufestina í fanginu, eins og hún væri barnið okkar.

Allan daginn gekk ég um hugsunarlaust, eins og ég væri sjálf brúða sem örlögin léku sér að. Enginn hvatti mig til þess en ég var hlýðin og lést vera glöð. Ég varð að þykjast. Ég er viss um að enginn lét blekkjast en ég var látin í friði. Mamo kenndi mér að haga mér eins og kona. Hún sagði mér allt sem gift kona þarf að vita: hvernig ég ætti að klæða mig, ganga, sýna körlunum virðingu með því að ganga ekki fyrir framan þá án þess að biðja um leyfi, heldur ekki fyrir framan hestana þeirra. Passa kjólana mína svo að þeir óhreinkuðust ekki. Allir þessir ótal litlu hlutir sem Rómakona á að vita. En mikið voru klukkustundirnar, dagarnir og vikurnar lengi að líða.

Ég var búin að segja að ég kunni hvorki að lesa né skrifa, varla að telja. Og ef ég get tjáð mig vel í dag er það vegna þess að orðaforði minn hefur aukist í veikindum mínum á sjúkrahúsinu.

Mér hefur alltaf þótt gott að vera ein á ferli, eins og á markaðnum. Auðvitað fór ég aldrei langt frá tjaldbúðunum, sérstaklega ekki á nóttunni. Þegar ég þurfti að fara út eftir myrkur bað ég alltaf eina af systur mínum að koma með mér.

Það voru liðnar þrjár vikur síðan Igruska og fjölskylda hans fór og við höfðum ekki fengið neinar fréttir af þeim. Við vitum að á þessum tíma skrifuðum við Rómafólk ekki bréf og það var enginn sími, að minnsta kosti ekki á þeim svæðum sem við fórum um.

Eina nótt fannst mér eitthvað ekki eins og það átti að vera. Systir mín hraut við hliðina á mér í rúminu. Annað heyrðist ekki í tjaldinu en ég vissi ekki af hverju mér fannst eins og heyrði eitthvað þrusk fyrir utan tjaldið. Var einn af hundunum okkar á flækingi? Ég var hrædd. Svo heyrði ég hestana okkar hneggja og varð skelfingu lostin þar sem ég lá undir dúnsænginni minni. Ég passaði að vekja ekki systur mína, tók brúðuna og hélt fast utan um hana eins og ég væri að biðja hana um að vernda mig.

Ég fór á fætur og horfði í kringum mig. Það hafði sloknað á kertinu. Það hlaut að vera áliðið, kannski komið fram yfir miðnætti? Til allrar hamingju var fullt tungl og í birtunni sem kom inn um rifurnar á tjaldinu gat ég séð að systur mínar voru allar sofandi.

Ég smeygði mér í kjólinn og fór berfætt út. Ég hafði rétt fyrir mér. Igruska var kominn. Hann stóð tveimur eða þremur metrum frá mér og ég gat séð andlit hans í tunglskininu. Hann hafði aldrei verið svona myndarlegur. Óttinn gufaði upp. Hann sagði ekkert en gaf mér merki um að fylgja sér. Ég elti hann. Nú var hann húsbóndi minn. Ekkert komst að nema ég og hann á þessu andartaki, ekki fjölskyldan eða afleiðingar þess sem við gerðum nú. Ég var orðin svívirt stúlka, jafnvel þótt maðurinn sem ég hljópst á brott með væri heitmaður minn.

Hversu lengi varði þessi þögla ganga? Ég hef ekki hugmynd um það. Mér fannst henni aldrei ætla að ljúka. Við fórum inn í skóg þar sem Igruska hafði bundið hest við tré. Hann losaði hestinn, sneri sér að mér og sagði við mig:

–Komdu, við förum heim!

Ég bað ekki um neinar skýringar. Höfðum við ekki verið sammála um að hann kæmi að ná í mig í þetta eina skipti sem við töluðum saman? Hafði hann ekki beðið mig um að vera tilbúin? Ég var það og þegar öllu var á botninn hvolft var ég hvorki fyrsta eða síðasta stúlkan sem var numin á brott. Pabbi Igruska myndi borga sekt. Ég yrði smánuð, ég yrði kölluð gála. En ég var tilbúin að taka afleiðingunum ef ég fengi að vera með mannum sem ég elskaði.

–Mameliga, farðu á bak!

–Hjálpaðu mér!

Hann gerði það. Ég ríghélt í brúðuna, það var hún sem tengdi mig í raun við Igruska. Hann snaraði sér á bak hestinum fyrir aftan mig, greip um tauminn og tók svo utan um mig. Þetta var í fyrsta sinn sem hann snerti mig og ég verð að segja að mér fannst það gott.

–Við verðum um klukkustund á leiðinni heim.

Hesturinn brokkaði af stað en fór síðan hraðar og hraðar. Ég var svo ringluð að ég vissi ekki hvað ég átti að halda. Ég lét leiða mig áfram. Hvað annað gat ég gert? Og hafði ég ekki beðið þessarar stundar í þrjá mánuði? Ég hafði misst allt tímaskyn. Ég vissi að það var komið fram yfir miðnætti en hafði ekki hugmynd um hversu langt var þangað til sólin kæmi upp. Það er satt að það var tunglskin þótt tunglið feldi sig stundum bak við skýin. Igruska stýrði hestinum af öryggi. Hann vissi hvert ferðinni var heitið.

Ég kom auga á tjaldbúðir ættflokks Igruska. Örlítið fjær sást í þorpskirkjuna. Hesturinn hægði á sér. Eflaust þekkti hann staðinn. Þegar við vorum stödd í miðjum tjaldbúðunum hélt ég að við værum komin á leiðarenda en hesturinn hélt áfram. Kannski voru þetta ekki tjaldbúðir Igruska? Á hægri hönd var kirkjugarður og þangað stefndum við. Þótt það væri hánótt stóð kirkjugarðshliðið upp á gátt. Igruska hélt æ fastar utan um mig, eins og hann héldi að ég myndi allt í einu leggja á flótta. En hvert var hann að fara með mig? Kannski voru tjaldbúðir ættflokks hans hinum megin við kirkjugarðinn og kannski var hann bara að stytta sér leið? Það var ekki hægt annað en að fyllast skelfingu.

Við fórum á milli leiða með krossum, að dyrum í innsta hluta garðsins. Það hélt ég að minnsta kosti. En það voru engar dyr, aðeins veggur og fyrir aftan hann var kirkjan. Hvert var vinur minn eiginlega að fara með mig?

–Við erum komin heim, sagði hann við mig.

Heim? Hvert? Igruska hjálpaði mér niður og fór síðan sjálfur af baki og sendi hestinn til baka. Hvar er vagninn okkar? Tjaldið okkar? Ég sá ekkert. Bara leiði og krossa. Heitmaður minn, draumaprinsinn, tók í höndina á mér og leiddi mig nokkur skref. Hann sýndi mér opna gröf og sagði:

–Hér eigum við heima!

Mig langaði að segja eitthvað en gat það ekki. Reynið að skilja mig: Igruska hafði numið mig á brott til að fara með mig heim til sín og verða eiginmaður minn. Annað hafði ég ekki hugsað um í þrjá mánuði. Og nú hafði ég komist að því að heimili mitt var gröf í kirkjugarði. Og ég spurði sjálfa mig hver félagi minn væri eiginlega?

Ég gat ekki lengur hugsað. Þegar öllu var á botninn hvolft var ég bara fimmtán ára stúlka í stöðu sem ekki var hægt að ímynda sér; það var verið að draga mig inn í heim hinna dauðu.

Hinna dauðu? Það hlaut að vera. Nú skildi ég: Igruska var dáinn en hann vissi það ekki. Hann hafði staðið við lofordið og komið að ná í mig úr heimi hinna dauðu. Hann hlaut að elska mig út af lífinu!

–Farðu niður, sagði hann skipandi röddu.

Ég umlaði með herkjum:

–Farðu á undan, þá getur þú hjálpað mér.

Igruska stökk fimlega ofan í gröfina og rétti mér höndina. Þrátt fyrir næturkulið fór ég úr blússunni. Ég reif hana í sundur með tönnum og rétti Igruska, eða þessari veru sem hafði verið Igruska, rifrildin. Í hvert sinn sem hann rétti mér höndina lét ég hann fá eina pjötlu. Þannig fór öll skyrtan og enn rétti hann mér höndina.

Svo fór ég úr kjólnum, án þess að hika og þrátt fyrir blygðunar-semina. Ég var nakin. Til allrar hamingju gerðist þetta um hánótt og í kirkjugarði þar sem enginn gat séð mig. En hvað ef einhver annar dauður maður en Igruska hefði verið á staðnum? Ég var að missa vitið. En síst af öllu mátti ég við því. Það var erfiðara að rífa kjólinn í sundur og hafa ekkert annað til þess en hendurnar og tennurnar. Ég var berfætt. Ég var ekki einu sinni í ilskóm. Kjóllinn minn varð smátt og smátt að lufsum. En þegar ég yrði búin að rífa hann allan hefði ég ekkert til að setja í lófann sem teygði sig í áttina til mín og ég kæmist ekki lengur undan. Ég varð stjörf af hræðslu. Ókunnur kraftur kom í veg fyrir að ég gæti hreyft mig.

Aldrei á ævinni hafði ég farið með bænir. Ég hafði farið í kirkju með mömmu nokkrum sinum, á helgidögum, en það var allt og sumt. Þegar ég sá fullorðna fólkið biðja beið ég alltaf róleg til að trufla ekki. Ég vildi ekki láta slá mig utan undir.

Ég hélt áfram að rífa kjólinn og lét pjötlurnar jafnóðum í lófa handarinnar sem kom upp úr gröfinni. Ég gat ekki einu sinni grátið, enda hefðu tárin ekki getað bjargað mér. En hver gat komið mér til hjálpar?

Ég leit upp og sá kirkjuna og fyrirvaralaust fór ég með bæn:

–Kristur, það er sagt að þú sért sonur Guðs og að þú hafir alltaf hjálpað þeim sem eru nauðstaddir. Hver gæti verið verr staddur en ég á þessari stundu? Hjálpaðu mér!

Bænin mín var stutt en ég hafði ekki tíma til að segja meira. Það var æ minna eftir af kjólnum og bráðum hefði ég ekkert til að setja í þessa gráðugu hönd. Í þessa hönd dauðans. Á endanum yrði ég að taka í hana.

Hvað með brúðuna?

Ég hafði skilið hana eftir einhvers staðar. Hvar? Þarna var hún! Ég hafði einfaldlega lagt hana á annað leiði. Ég tók hana upp og skoðaði í tunglsljósinu. Hún var enn með perlufestina um hálsinn; ég tók

hana af, sleit bandið og lét glerperlurnar renna í vinstri lófann. Ég tók eina þeirra og setti í höndina sem teygði sig í átt til mín. Ég endurtók leikinn aftur og aftur, eins hægt og ég gat til að vinna tíma og slá endalokunum á frest. Um nokkrar mínútur, nokkrar sekúndur.

Það voru aðeins þrjár perlur eftir í lófanum á mér þegar ég heyrði hanagal. Ég leit ósjálfrátt upp og sá að sólin var að koma upp. Ég stóð kyrr og vissi ekki hvað ég var að gera eða hvað ég ætti að gera. Mér fannst ég heyra drunur eins og þegar jörðin skelfur. Ég var lömuð af skelfingu. Og þá sá ég dálítið sem ég trúði varla: Jörðin hafði lokast yfir Igruska, það sást ekkert nema önnur höndin, eins og hún væri enn að heimta eitthvað. Þá loksins rann upp fyrir mér hvaða hryllingur hafði náð tökum á mér og ég gaf frá mér skaðræðisöskur.

Þarna var ég alein, allsnakin í miðjum kirkjugarði þorps sem ég þekkti ekki. Morgungolan gerði mér gott og ég róaðist smátt og smátt. Ég var umkringd leiðum. Ég sá kirkjugarðsvegginn sem var ekki sérlega hár. Auðvitað gæti ég klifrað yfir hann en hvert átti ég að fara? Þá svaraði Guð mér. Ég átti að fara til hans, eða öllu heldur í kirkjuna. Á bakhlíð kirkjunnar voru opnar dyr. Ég fór inn. Það var enn dimmt í kirkjunni en ekki svo að ég kæmi ekki auga á tjald sem ég losaði til að hylja nekt mína. Þótt kraftar mínir væru nánast á þrotum klifraði ég þar næst upp stiga sem lá upp í kirkjuturninn. Þegar ég var komin upp togaði ég full örvæntingar í reipið til að hringja klukkunum. Ég þurfti ekki að bíða lengi. Ungur prestur kom og vildi vita hvaða krakki hefði dirfst að vekja þorpsbúa svona snemma. Þegar ég sá hann skildi ég að hann var sendur af Guði. Ég hrópaði til hans:

–Ekki koma nær! Ég er hálfnakinn!

Aumingja presturinn vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Hann sagði stuttaralega:

–Kvenskratti! Hvað ert þú að gera þarna?

–Fyrirgefðu mér, faðir, ég skal segja þér það. En viltu fyrst vera svo vænn að ná í fót fyrir mig til að ég geti klæðst.

Nokkrum mínútum síðar var ég komin í alltof stórar buxur og karlmannsjakka. Ég hlýt að hafa litið út eins og fuglahræða. Ég elti prestinn möglunarlaust inn á skrifstofuna hans.

–Og nú skaltu segja mér hvað þú varst að gera í kirkjuturninum,

kvendjöf full. Mér datt í hug að þetta hlyti að vera sígauni. Hverju stalstu?

–Herra prestur, viltu hlusta á mig?

Og ég sagði honum alla söguna en auðvitað trúði hann ekki einu orði.

–Jæja, komdu þá með mér! sagði ég.

Af forvitni fór hann með mér í kirkjugarðinn og þar sáum við hönd sem stóð enn upp úr moldinni, með glerperlu í lófanum og alla fingurna sundurglennta. Ég tók brúðuna mína. Þegar öllu var á botninn hvolfst var hún ekki annað en tuskudúkka sem gat ekki vitað að hún hafði bjargað lífi mínu.

Þegar við vorum komin aftur inn á skrifstofuna gaf presturinn mér heitt te með mjólk og sagði:

–Vertu kyrr, ég ætla að ná í sígaunana!

Nú var ég aftur orðin ein og ég barðist við að halda mér vakandi þrátt fyrir þreytuna sem gagntók mig. Mig langaði til að deyja, ekki sofa.

Þegar foreldrar Igruska komu í fylgd með prestinum var ég steinsofandi. Það þurfti að hrista mig til þess að ég vaknaði. Ég var gagn-tekin bæði af sorg og skömm þegar ég sagði þeim mína dapurlegu sögu. Þegar því var lokið sagði sá sem hefði átt að verða tengdafaðir minn:

–Fyrir nokkrum dögum kom til slagsmála á krá hér í grenndinni. Igruska, sonur minn, var drepinn. Við jörðuðum hann í gær.

Þetta varð mér ofviða. Það leið yfir mig. Ég var þrjá mánuði á sjúkrahúsi, milli heims og helju. Eftir það var mér oft sagt að enginn hefði getað tekið brúðuna úr fanginu á mér. Og svo leið tíminn. Faðir minn ákvað að gifta mig eins fljótt og hægt var til þess að ég gleymdi „hinum“.

Eins og það sé hægt að gleyma svona nokkru.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir þýddi úr frönsku

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Alejandrína Gutiérrez (f. 1948) fæddist í Níkaragva, dvaldi um tíma í Venezuela, en hefur lengst af búið í Kosta Ríka. Hún er rithöfundur og bókari.

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum miðalda og endurreisnar frá Háskólanum í Grenoble 3 (Stendhal). Hún er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands.

Netfang: *asdisrm@hi.is*

Birna Arnbjörnsdóttir (f. 1952) lauk doktorsprófi í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin og er prófessor í annarsmálsfræðum og deildarforseti Mála- og menningardeildar við Háskóla Íslands.

Netfang: *birnaarn@hi.is*

Caja Rude (1884–1949) var danskur blaðamaður og rithöfundur.

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *erlaerl@hi.is*

Gregory Phipps (f. 1981) lauk doktorsprófi í enskum bókmenntum frá McGill-háskólanum í Montreal. Hann er lektor í enskum bókmenntum við Háskóla Íslands.

Netfang: *gp@hi.is*

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsprófi í spænsku, með áherslu á bókmenntir Rómönsku Ameríku, frá Texasháskóla í Austin árið 2001. Hún er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *holmfr@hi.is*

Ibn Fadlan var meðlimur í sendinefnd frá kalífanum í Bagdad, Muqtadir

Billah, til konungs Volgu-Búlgara árið 921. Engar heimildir hafa fundist um hann aðrar en hans eigin frásögn af þeirri ferð.

Jón Ólafsson (f. 1964) lauk doktorsgráðu í heimspeki við Columbia háskóla í New York árið 2000, og framhaldsgráðu í Rússlandsfræðum við sama skóla 1998. Hann er prófessor í menningarfræði og rússnesku við Háskóla Íslands.

Netfang: *jonolafs@hi.is*

Kristján Þórður Hrafnsson (f. 1968) stundaði nám í bókmenntum við The New School for Social Research í New York og lauk B.A.-prófi í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hann lauk meistaraþrófi í bókmenntum frá Sorbonneháskóla í París, Paris IV. Hann er rithöfundur og þýðandi.

Netfang: *kristjanmelkorka@simnet.is*

Matéo Maximoff (1917–1999) var einn af þekktustu rithöfundum Rómafólks sinnar kynslóðar.

Núria Frías Jiménez (f. 1987) lauk MA-prófi í kennslu spænsku sem erlends máls frá Háskóla Íslands, Deusto-háskóla í Bilbao og Háskóla Barselóna. Hún er doktorsnemi og stundakennari í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *nj@hi.is*

Oddný G. Sverrisdóttir (f. 1956) lauk doktorsprófi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster og er prófessor í þýsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *oddny@hi.is*

Pilar Concheiro (f. 1975) lauk doktorsprófi í hagnýtum málvísindum með áherslu á kennslu spænsku sem erlends máls frá Háskólanum Nebrija í Madrid. Hún er stundakennari við Háskóla Íslands.

Netfang: *mdc@hi.is*

Rebekka Þráinsdóttir (f. 1968) lauk meistaraþrófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í Sankti Pétursborg og er

aðjúnkt í rússnesku við Háskóla Íslands.

Netfang: *rebekka@hi.is*

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er aðjúnkt í dönsku við sama skóla.

Netfang: *thorbild@hi.is*

Þórir Jónsson Hraundal (f. 1974) lauk doktorsprófi í miðaldafræðum frá Háskólanum í Bergen 2013 og er lektor í Mið-Austurlandafræðum og arabísku við Háskóla Íslands.

Netfang: *thorir@hi.is*